

Notkunarskilmálar fyrir Lagavita

1. Inngangur og gildissvið

Þessir notkunarskilmálar gilda um notkun á Lagaviti („Lagaviti“ eða „lausnin“), sem er gervigreindarhugbúnaðarlausn fyrir lögfræðinga í eigu Lagavita ehf., kt. 650624-2620 („LV“).

Notandi er skilgreindur sem lögfræðingur, er áskrifandi hefur skráð í áskrift að Lagavita, og nýtir sér lausnina í störfum sínum. Með því að taka Lagavita í notkun samþykkir notandi að hlíta þessum notkunarskilmálum.

2. Lýsing á þjónustunni

Lagaviti er hannaður til að aðstoða lögfræðinga við lögfræðilega grunn- og undirbúningsvinnu, m.a. með því að finna til viðeigandi réttarheimildir, beita lögfræðilegri aðferðafræði við greiningu réttarheimilda, setja fram lögfræðilegar röksemdir og greiningar, sem og að gera drög að lögfræðilegum texta.

Notanda er ljóst að hann ber fulla ábyrgð á því með hvaða hætti hann nýtir sér Lagavita. Notandi gerir sér grein fyrir því að Lagavita er ætlað að aðstoða lögfræðinga í störfum sínum en kemur ekki í staðinn fyrir faglega dómgreind, þekkingu og ábyrgð lögfræðings. Notandi ber ávallt endanlega ábyrgð á allri notkun á því efni sem Lagaviti skilar af sér, þ.m.t. röksemdum og úrlausnum við fyrirspurnum og beiðnum notanda sem og samantektum, greiningum og heimildatívlísunum.

3. Notkunarleyfi

LV veitir notanda takmarkað, persónubundið og óframseljanlegt leyfi til að nota Lagavita í samræmi við þessa notkunarskilmála. Notanda er eingöngu heimilt að nýta lausnina í eigin lögfræðistörfum. Notanda er óheimilt að deila aðgangi sínum með öðrum, hvort sem er í gegnum endursölu, framleigu eða dreifingu á annan hátt. Öll notkun sem brýtur í bága við þessa notkunarskilmála eða gildandi lög er óheimil og LV getur afturkallað leyfi notanda og sagt upp áskrift áskrifanda fyrirvaralaust ef notandi verður uppvís að slíkri háttsemi.

4. Skyldur notanda

Notandi ber ábyrgð á allri notkun sinni á Lagavita. Notandi skuldbindur sig til að:

- Tryggja að öll gögn, upplýsingar og efni sem notandi setur inn í lausnina séu fengin með lögmætum hætti og að notandi hafi heimild til vinnslu þeirra.
- Nota lausnina í samræmi við gildandi lög og reglur, þar með talin lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og siðareglur lögmannna, eins og við á.
- Gæta fyllsta trúnaðar um þau gögn sem unnið er með í Lagavita í samræmi við lög og starfsskyldur notanda, eins og við á.
- Bera alfarið faglega ábyrgð á þeim ákvörðunum, ráðgjöf og úrvinnslu sem byggir á eða nýtir röksemdir, úrlausnir, samantektir, greiningar og heimildatívlísanir Lagavita að einhverju leyti.
- Reyna ekki með nokkrum hætti að leita að, birta eða greina þá undirliggjandi tækni sem Lagaviti byggir á, þ.m.t. forritunarkóða og kerfisfyrirmæli.

- f. Nota ekki Lagavita í neinum samkeppnislegum tilgangi gegn LV og aðhafast ekki neitt það sem getur verið skaðlegt rekstri LV eða skaðað virkni Lagavita, s.s. með því að a) spyrja Lagavita og/eða hagnýta svör, röksemdir og úrlausnir Lagavita í annarlegum tilgangi, t.d. til að þjálfra eða fínstilla annað gervigreindarmódel/lausn, b) eiga við eða eyða gögnum í gagnagrunni Lagavita, c) trufla notkun annarra notenda, s.s. með því skerða aðgengi þeirra og/eða valda óeðlilega miklu álagi á þjónustuna í annarlegum tilgangi, og annað þess háttar.

5. Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Um þjónustu LV gildir persónuverndarstefna félagsins, sem finna má á heimasíðu þess: www.lagaviti.is

Þau gögn, sem notandi setur inn í Lagavita, eiga ekki að innihalda trúnaðarupplýsingar eða persónuupplýsingar, nema áskrifandi hafi gert vinnslusamning við Lagavita. Notandi ber fulla ábyrgð á því ef misbrestur verður þar á, sbr. a–c liði 4. gr.

LV er heimilt að veita áskrifanda upplýsingar um fjölda fyrirspurna og áfallin notkunargjöld vegna notkunar notanda á Lagavita.

6. Gagnavinnsla og gagnaöryggi

LV skuldbindur sig til að vinna gögn notanda eingöngu í samræmi við skrifleg fyrirmæli notanda (sem felast m.a. í þessum notkunarskilmálum og notkun notanda á lausninni), nema lög krefjist annars.

Allar notkunarupplýsingar í gagnagrunni Lagavita, þ.m.t. samtöl notanda við Lagavita, eru geymdar í dulrituðum gagnageymslum skýjaþjónustuaðila LV, sem eru staðsettar innan Evrópu.

Í samræmi við öryggisstefnu skýjaþjónustuaðila LV eru öll gögn í þessum gagnageymslum dulrituð í hvíld (e. at rest) með AES-256 eða sambærilegum stöðlum, áður en þau eru skrifuð á disk. Dulritunin er sjálfvirk og gagnsæ og krefst engrar sérstillingar af hálfu notanda.

Aðgangur að notkunarupplýsingum er tryggður við auðkenningu sem byggir á rafrænum skilríkjum til að tryggja öryggi með sem bestum hætti.

Öll gögn í flutningi (e. in transit) eru dulrituð með notkun TLS 1.2+ til að verja gögnin sem fara á milli notanda, þjónustu og gagnagrunns.

Með framangreindu fyrirkomulagi er tryggt að gögn notanda njóta traustrar verndar hvað varðar trúnað (e. confidentiality), réttleika (e. integrity) og aðgengi (e. availability).

Öllum notkunarupplýsingum í gagnagrunni Lagavita er eytt þegar notandi óskar eftir því, en þó eigi síðar en 30 dögum eftir að áskrift lýkur.

LV skal tryggja að allir sem starfa á vegum félagsins, þ.m.t. starfsmenn og verktakar, séu bundnir trúnaði. LV skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi gagna notanda sem sett eru inn í Lagavita.

Röksemdir, úrlausnir, samantektir, greiningar og heimildatilvísanir í Lagavita byggja á opinberum heimildum. LV notar ekki gögn notanda til að þjálfra eða bæta lausnina.

7. Hugverkaréttur

- a. **Eignarhald LV:** LV á og mun áfram eiga allan rétt að Lagavita, þ.m.t. öll hugverkaréttindi, og nær rétturinn einnig til undirliggjandi tækni, gervigreindarlíkana og allra afleiddra verka.
- b. **Eignarhald á gögnum notanda:** Notandi á og mun áfram eiga allan rétt að gögnum sem hann setur inn í Lagavita. Notandi veitir LV leyfi til að vinna með gögn notanda í þeim tilgangi að veita notanda umbeðna þjónustu.
- c. **Nýtingarréttur á því efni sem verður til:** Notandi mun eiga rétt á að nýta allt það efni sem Lagaviti skilar af sér til notanda á grundvelli fyrirspurnar, beiðna og gagna notanda.
- d. **Viðskiptaleyndarmál LV:** Notandi viðurkennir og samþykkir að Lagaviti, þ.m.t. undirliggjandi hugbúnaður, reiknirit, kerfisfyrirmæli, gervigreindarlíkön, viðmót, samsetning gagna og öll tengd tækni og þekking, sé og verði áfram eign LV. Þessi verðmæti fela í sér hugverkaréttindi og viðskiptaleyndarmál LV sem njóta verndar samkvæmt íslenskum lögum, þ.m.t. höfundalögum nr. 73/1972 og lögum nr. 131/2020 um viðskiptaleyndarmál. Notanda er með öllu óheimilt að afla, nota eða afhjúpa slík viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar LV með ólögumætum hætti, svo sem með bakvirkjun (e. „reverse engineering“), afritun, afkóðun eða með því að nota lausnina til að þjálfa samkeppnisvörur. Brot gegn þessu ákvæði telst verulegt brot á notkunarskilmálum þessum og getur varðað tafarlausri afturköllun notkunarleyfis og kröfu um skaðabætur skv. 13. gr. laga nr. 131/2020.

8. Ábyrgð og ábyrgðartakmarkanir

- a. Notanda er ljóst að gervigreindartækni er í stöðugri þróun og getur innihaldið villur og verið ónákvæm. LV ábyrgist ekki að Lagaviti verði án truflana eða villulaus og ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á nákvæmni eða áreiðanleika þess efnis sem finna má í Lagavita. Allt efni í Lagavita er látið í té „eins og það kemur fyrir“, t.d. af vefsíðum þar sem frumheimildir er að finna. LV ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð, hvorki beina né óbeina, á tjóni sem rekja má til þess að notandi byggir á efni úr Lagavita. Notandi ber fulla ábyrgð á allri notkun á því efni sem Lagaviti skilar af sér og á þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þess.
- b. Að því marki sem lög leyfa, skal heildarábyrgð LV gagnvart áskrifanda og notanda á hans vegum vegna allra krafna sem upp kunna að koma í tengslum við þessa notkunarskilmála eða notkun á Lagavita, ekki fara yfir þá fjárhæð sem nemur greiðslu áskriftargjalda vegna notanda síðustu 6 mánuði fyrir atburð.

9. Gildistími

- a. Notkunarskilmálar þessir taka gildi við samþykki notanda, sbr. inngang, og gilda þar til áskrift að Lagavita lýkur.

10. Breytingar á notkunarskilmálum

LV áskilur sér rétt til breytinga á þessum notkunarskilmálum. Tilkynning um breytingar skal send á notanda með hæfilegum fyrirvara, annaðhvort með tölvupósti eða tilkynningu í Lagavita. Ef notandi heldur áfram að nota Lagavita eftir að breytingar hafa tekið gildi telst hann samþykkur hinum breyttu notkunarskilmálum.

11. Ýmis ákvæði

- a. **Lög og lögsaga:** Notkunarskilmálar þessir og öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við þá skulu lúta íslenskum lögum. Rísi mál vegna þessara notkunarskilmála skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- b. **Ógildingarákvæði:** Verði eitthvert ákvæði þessara notkunarskilmála dæmt ógilt, ólöglegt eða ekki fullnustuhæft, skal það ekki hafa áhrif á gildi eða fullnustuhæfi annarra ákvæða.
- c. **Framsal:** Notanda er óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt þessum notkunarskilmálum án skriflegs samþykkis LV. LV getur framselt réttindi sín og skyldur samkvæmt notkunarskilmálunum.

12. Samskipti og tilkynningar

Allar tilkynningar samkvæmt þessum notkunarskilmálum skulu vera skriflegar og sendar á netföng sem aðilar hafa tilgreint.

Netfang LV: lagaviti@lagaviti.is

Dagsetning síðustu uppfærslu skilmálanna: 2. desember 2025